



RANGÁRÞING EYSTRÁ

VERKLAGSREGLUR LEIKSKÓLA RANGÁRÞINGS EYSTRÁ

Um umsókn, innritun, gjaldtökur og innheimtu leikskólagjalds.

Rangárfing eystra á og rekur leikskólann Örk á Hvolvelli. Örk er 4 deilda leikskóli með opnunartíma frá kl. 08:00 til 17:00.

Á heimsíðu leikskólans <http://www.leikskolinn.is/ork/> er hægt að nálgast upplýsingar um leikskólann.

INNTRITUN

1. Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er lögheimili í Rangárfingi eystra og er farið eftir búsetu forráðamanna samkvæmt Þjóðskrá.
2. Innritun í leikskólann fer fram á heimasíðu Arkar <http://www.leikskolinn.is/ork/> og á eyðublöðum sem hægt er að nálgast í leikskólanum.
3. Heimilt er að sækja um leikskólavist þegar barn hefur fengið kennitölu.
4. Almennt er miðað við að barn byrji í leikskólanum við 18. mánaða aldur. Hægt er að sækja um að barn hefji skólagöngu fyrr. (sbr. 7. grein um forgang).
5. Öllum foreldrum er heimilt að sækja um leikskólapláss óháð lögheimili en barni er ekki úthlutað pláss fyrr en staðfest er að það á lögheimili í Rangárfingi eystra. Samstarf er á milli nágrennasveitafélags um vistun barna við sérstakar aðstæður.
6. Leikskólaplássum er að öllu jöfnu úthlutað eftir dagsetningu umsóknar og reglum um forgang. Þó geta sérstakar aðstæður barna og í skólanum haft áhrif á úthlutun leikskólaplássá.
7. Hægt er að sækja um forgang fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavist. Hægt er að sækja um forgang vegna eftirtalinna aðstæðna:
 - Fötluð börn
 - Börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska
 - Börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl
 - Börn í elsta og næst elsta árgangi leikskólans
 - Börn starfsmanna Arkar
 - Börn einstæðra foreldra

Þegar sótt er um forgang af félagslegum eða heilsufarslegum ástæðum skal umsókninni fylgja vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila s.s. lækni, félagraðgjafa eða öðrum sem með málin fara.

8. Inntaka barna fer að jafnaði fram á tímabilinu júní-september ár hvert. Foreldrar /forráðamenn fá sent bréf þegar barn þeirra hefur fengið inngöngu í leikskólann. Í bréfinu eru upplýsingar um leikskólann, hvenær barnið getur byrjað og hvenær fyrsta viðtal við deildastjóra á sér stað. Foreldrar /forráðamenn skulu staðfesta að þeir þiggi leikskólaplássið innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins að öðrum kosti er litið svo á að þeir óski ekki eftir skólavist fyrir barnið. Hafi barn fengið inngöngu í leikskólann geta foreldrar óskað eftir því að fresta leikskólagöngu barnsins í samráði við leikskólastjóra.

GJALDSKRÁ

1. Sveitastjórn ákveður gjaldskrá leikskólans. Gjaldskráin er endurskoðuð um hver áramót og tekur sveitarstjórn ákvörðun um breytingar á henni. Breytingar á gjaldskrá skulu auglýstar með eins mánaðar fyrirvara.
2. Einstæðir foreldrar greiða 40% lægra gjald. Slíti foreldrar sambúð skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og lækkar þá gjald frá næstu mánaðamótum eftir að vottorð berst. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald þegar sambúð hefst
3. Öryrkjar greiða 15% lægra gjald sé annað foreldrið öryrki og 30% lægra gjald séu báðir foreldrar öryrkjar. Sækja þarf um afslátt vegna örorku. Umsókn þarf að fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir 75% örorku að lágmarki. **Afsláttur er ekki afturvirkur.**
4. Námsmenn fá 15 % afslátt að gjaldi ef annað foreldrið er í fullu námi og 30 % lægra gjald ef báðir foreldrar eru í viðurkenndu lánshæfu námi, eða fullu námi í framhaldsskóla, og uppfylla kröfur um lágmarks námsframvindu hjá viðurkenndri menntastofnun. Sækja skal um slíka ívilnun til sveitastjóra . Skila þarf innritunavottorði frá skóla í upphafi hverrar annar. Einnig þarf að skila vottorði um námsframvindu eða námslok í júní og janúar. Vottorðum skal skila á skrifstofu sveitarstjórnar. Ákvæði þetta gildir ekki um fólk sem stundar vinnu samhliða námi. **Afsláttur er ekki afturvirkur.**
5. Systkinaafsláttur er 50% fyrir annað barn og 90% fyrir þriðja barn. Systkinaafsláttur gildir einnig er eitt af börnunum er vistað hjá dagmóður.
6. Fyrstu 4 klukkustundir er gjaldfrjálsar fyrir 5 ára börn. Gjaldið breytist
1. september árið sem barn verður 5 ára.

7. Hjá leikskólanum gildir sú meginregla að barn skal taka fjögurra vikna samfelld sumarleyfi í tengslum við sumarlokun leikskólans. Ef foreldrar óska eftir að taka 6 vikur samfelld eða lengur er hægt að fá niðurfelld fæðisgjaldið fyrir þann tíma sem barnið er í fríi.

Einnig ef barn fer í leyfi frá leikskólanum í 2 vikur samfelld á örum tíma en í tengslum við sumarlokun geta foreldrar óskað eftir niðurfellingu á fæðisgjöldum meðan á leyfinu stendur. Sækja verður um niðurfellinguna hjá leikskólastjóra tveimur vikum áður en fríð er tekið.

8. Ef barn er veikt samfelld í 3 vikur eða lengur er helmingur dvalargjalds og allur fæðiskostnaður endurgreiddur. Ef um endurgreiðslur vegna veikinda er að ræða, ber að framvísa læknisvottorði.
9. Ef börn eru ekki sótt á tilskildum tíma án þess að gild skýring liggi fyrir, skal viðkomandi greiða gjald sem ákveðið er af sveitastjórn. Gjaldið verður innheimt með leikskólagjöldum næsta mánaðar.

INNHEIMTA

1. Leikskólagjöld eru greidd með heimsendum greiðsluseðlum. Gjaldldagi er 1. hvers mánaðar og eindagi 30. hvers mánaðar.
2. Leikskólagjöld eru innheimt í 11 mánuði á ári, þar sem öll börn skulu taka 4 vikna samfelld sumarfrí. Leikskólagjöld ekki innheimt í júlímánuði, þó svo börn taki sumarfrí á öðrum tíma.

DVALARTÍMI

1. Opnunartími leikskólans Arkar er samkvæmt samþykktum sveitarstjórnar hverju sinni.
2. Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna leikskólastjóra um breytingu á högum sínum, s.s. breytt heimilisfang, símanúmer og hjúskaparstöðu.
3. Ef lögheimili barns er 10-20 km frá leikskóla er heimilt að skrá barnið í 3ja daga leikskóladvöl í viku og greiða í samræmi við það. Ef lögheimili barns er meira en 20 km frá leikskóla er heimilt að skrá barnið í 2ja daga leikskóladvöl í viku og greiða samkvæmt því.

4. Hægt er að sækja um breytingar á dvalartíma og skal ósk þar um berast til leikskólastjóra fyrir 20. hvers mánaðar. Breytingar miðast við mánaðamót og skulu gilda eigi skemur en þrjá mánuði.

UPPSÖGN

1. Dvalarsamningur skal gerður fyrir hvert barn þegar það hefur leikskólagöngu.
2. Segja skal upp leikskóladvöl skriflega. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.
3. Ef um 3ja mánaða skuld vegna leikskólagjalda er að ræða skoðast það sem uppsögn á leikskóladvöl. Veita skal forráðamanni barns skriflega áminningu áður en til uppsagnar kemur.
4. Leikskólastjóra er heimilt að segja upp leikskóladvöl barns ef ítrekað er farið fram yfir umsamdan dvalartíma og ekki hefur verið farið að tilmælum starfsmanna leikskólans um úrbætur þar á. Veita skal forráðamanni barns skriflega áminningu áður en til uppsagnar kemur.

ANNAÐ

1. Starfsfólk leikskólans Arkar er bundið þagnarskyldu. Þagnarskyldan helst þó látið sé af störfum í leikskólanum.
2. Leikskólinn er lokarðu 4 daga á ári vegna skipulagsdaga, 4 daga eftir hádegi vegna starfsmanna og samráðsfunda og 1 námskeiðsdags á hverju skólaári. Þeir eru ákveðnir að hausti og skráðir á skóladagatal leikskólans.
3. Samstarfssamningur er við Skólaskrifstofu Suðurlands vegna ráðgjafar og sérfræðipjónustu.
4. Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara verklagsreglna er hægt að vísa málinu til leikskólanefndar.

Verklagsreglur samþykktar í sveitarstjórn Rangárpings eystra 7. maí 2010.